

**HEILBRIGÐISNEFND  
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
65. fundur – 2. júní 2003**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 2. júní 2003, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Sigurgeir Ólafsson boðaði forföll.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

**1. Fundargerð 64. fundar heilbrigðisnefndar.**

**2. Fundargerð 54. starfsmannafundar frá 28. maí 2003.**

**2.1 Starfsleyfi.**

**Bessastaðahreppur**

2.1.1 Breiðamýri Bessastaðahreppur - verslun.

Lögð fram umsókn Óskars G. H. Gunnarssonar, kt. 010644-7719, fh. Bess-Inn ehf, kt. 540503-4190, dags. 20. maí 2003, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar, video og veitingastarfsemi að Breiðumýri v/Skólaveg, Bessastaðahreppi. Ný starfsemi. Lagt fram bréf byggingarfulltrúa frá 28. maí 2003 varðandi samþykktu notkun fasteignar þar sem fram kemur heimild fyrir bráðabirgðahúsi. Starfsleyfi samþykkt með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar og matvælaeiglugerðar til 3 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og frágangi við innganga lokið án tafa.

**Garðabær**

2.1.2 Garðatorg 1, Garðabæ - líkamsræktarstöð.

Lögð fram umsókn Júlíusar Guðmundssonar, kt. 250168-4899, fh. Medex ehf, kt. 480503-2870, dags. 27. maí 2003, þar sem sótt er um leyfi til reksturs líkamsræktarstöðvar að Garðatorgi 1, Garðabæ. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

**Kópavogur**

2.1.3 Geirland við Suðurlandsbraut, Kópavogi - flokkun, lager og söluaðstaða fyrir jarðefni.

Lögð fram umsókn Braga Sigurjónssonar, kt. 170636-7919, dags. 23. maí 2003, þar sem sótt er um leyfi til reksturs flokkunar, lagers og söluaðstöðu fyrir jarðefni að Geirlandi við Suðurlandsveg, Kópavogi. Ný starfsemi. Frestað og óskað umsagnar skipulagsyfirvalda.

2.1.4 Neðstatröð 8, Kópavogi - rakarastofa.

Lögð fram umsókn Kristleifs Torfasonar, kt. 310358-2319, fh. Rakarastofunnar Neðstutröð, kt. 310358-2319, dags. 22. maí 2003, þar sem sótt er um leyfi til reksturs rakarastofu að Neðstutröð 8, Kópavogi. Eigendaskipti. Starfsleyfi samþykkt til 12 ára með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

## 2.2 Umsagnir.

### Garðabær

2.2.1 Hattarvellir 1, Garðabæ - hestamannafélagið Andvari.

Lagt fram bréf bæjarstjórnar Garðabæjar, dags. 19. maí 2003, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Matthíasar G. Péturssonar, kt: 181148-3819, fh. hestamannafélagsins Andvara, kt. 441083-0419, sem sækir um vínveitingaleyfi fyrir hestamannafélagið Andvara að Hattarvöllum 1, Garðabæ.

Jákvæð umsögn samþykkt m.t.t. svipmóts.

### Hafnarfjörður

2.2.2 Ásvellir, Hafnarfirði - knattspyrnufélag Hauka.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 19. maí 2003, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bjarna Hafsteins Geirssonar, sem sækir um veitingaleyfi fyrir íþróttasal íþróttamiðstöðvar Hauka, vegna landsþings slysavarnarfélagsins Landsbjargar dagana 23. til 24. maí n.k., að Ásvöllum, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn staðfest.

2.2.3 Bæjarhraun 4, Hafnarfirði - Fjarðarnesti.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 22. maí 2003, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kristjáns Ólafssonar, kt. 070737-2059, sem sækir um veitingaleyfi fyrir veitingastaðinn Fjarðarnesti, kt. 680200-2030, að Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn samþykkt.

2.2.4 Fagrabergi 30, Hafnarfirði - Golfskálinn í Garðabæ

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 25. júní 2003, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Friðþjófs Einarssonar kt. 060346-4619, sem sækir um endurnýjun veitingaleyfis fyrir golfskálann, að Setbergi í, Garðabæ.

2.2.5 Sörlastaðir, Hafnarfirði - hestamannafélagið Sörli.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 13. maí 2003, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Salome Jakobsdóttur, kt. 050154-6889, sem sækir um veitingaleyfi fyrir reiðskemmu hestamannafélagsins Sörla, vegna uppskeruhátíðar félagsins laugardaginn 31. maí n.k., að Sörlastaðum, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn staðfest.

### Kópavogur

2.2.6 Hagasmári 1, Kópavogi - Cafe Adesso ehf.

Lagt fram bréf bæjarlögmannsins í Kópavogi, dags. 15. maí 2003, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kristjáns Þórs Sveinssonar, kt. 230565-5549, sem sækir um vínveitingaleyfi fyrir Cafe Adesso ehf., að Hagasmára 1, Smáralind, Kópavogi. Starfsleyfi heilbrigðisnefndar samþykkt 22.04.2002.

Jákvæð umsögn samþykkt.

## 2.3 Annað.

2.3.1 Meðfylgjandi eru drög að reglugerð um aldinsult og sambærilegar sykurvörur.

Eftirlitsverkefni, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðieftirlits sveitarfélaga.

Niðurstöður eru birtar á síðu Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is)

2.3.2 Örveruástand krydds. Geislun á kryddi – merkingar/vottorð.

Eftirlitsverkefni, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Niðurstöður eru birtar á síðu Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is)

2.3.3 Överuástand niðurskorins grænmetis 2003 og staða innra eftirlits á sýnatökustöðum. Eftirlitsverkefni, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Niðurstöður eru birtar á síðu Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is)

2.3.4 Reis bílar, Lyngási 1, Garðabæ.

Sértæk skilyrði fyrir innanhúss akstur á körtubílum fyrir almenning. Samþykkt.

Svala Jónsdóttir mætti til fundar.

### 3. Gerð vatnsveitu í Vatnsendakrikum í Heiðmörk.

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar frá 15. maí 2003 þar sem óskað er álits á því hvort gerð vatnsveitu í Vatnsendakrikum í Heiðmörk skuli háð mati á umhverfiáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.

Eftirfarandi samþykkt var verð:

"Heilbrigðisnefnd telur ekki ástæðu til að krefjast umhverfismats vegna lagningar vatnsleiðslu og vega. Vegna staðsetningar verður þó að hvetja til ýtrustu varkárni við allar framkvæmdir."

### 4. Tillaga að heilbrigðissamþykkt fyrir hesthúsasvæðið við Heimsenda.

Lögð fram til kynningar tillaga að heilbrigðissamþykkt fyrir hesthúsasvæðið við Heimsenda í Kópavog.

Samþykkt að kynna drögin fyrir hagsmunaaðilum.

### 5. Nauðsynlegar úrbætur við hesthús að Heimsenda 9 og 11, Kópavogi.

Lögð fram afrit af bréfum heilbrigðiseftirlitsins til eigenda hesthúsanna að Heimsenda 9 og 11 varðandi kröfur um úrbætur á og við taðgeymslur.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

### 6. Fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd.

Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 26. maí 2003.

#### 6.1 Verkefni Gróðurs fyrir fólk fyrir Bláfjallanefnd.

Heilbrigðisnefnd vísar erindi Bláfjallanefndar til meðferðar hjá heilbrigðiseftirlitinu

Árni Sverrisson vék af fundi

### 7. Vettvangsskoðun.

Farið í vettvangsskoðun um vatnstökusvæðin í Heiðmörk og um hesthúsasvæðið við Heimsenda.

Gestur Pétursson mætti til fundar

### 8. Önnur mál.

Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:45

Svala Jónsdóttir

Gestur Pétursson

Árni Sverrisson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Richard Hansen

Andrés Pétursson